

verði staðfest sbr. ákvæði 4.4.2. í reglugerð nr. 318/1985 en við gerð þess verði sérstaklega tekið tillit til aðkomunnar að forsetasetrinu á Bessastöðum.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur með ofangreindum fyrirvara.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1986.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

Pórhildur Líndal.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og  
afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

### 1. gr.

Eftirfarandi töluliðir, 6. gr., b-staflíðar hljóði svo:

- „I. Diazepamum. Óheimilt er að ávísa hylkjum, töflum eða skömmtum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg og ekki í meira magni en sem svarar 250 mg eða 260 mg af hinu virka efni. (Dæmi: Apozepam, Diazepam, Stesolid, Valium 5 mg 50 töflur eða 130 töflur sömu lyfja í 2 mg styrkleika í óbrotnum pakkningum).
- III. Medazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 250 mg eða 300 mg. (Dæmi: Nobrium 25 mg 10 töflur eða Nobrium 5 mg 60 töflur).
- IV. Chlordiazepoxidum. Hámarksmagn á lyfseðli 500 mg eða 625 mg. (Dæmi: Klórdiazepoxid, Librium 5 mg 100 töflur, 10 mg 50 töflur eða 25 mg 25 töflur).
- V. Flurazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1,5 g eða 1,8 g. (Dæmi: Dalmadorm 15 mg 100 hylki eða 30 mg 60 hylki).
- XI. Carisoprodolum. Hámarksmagn á lyfseðli 20,0 g eða 21,0 g. (Dæmi: Somadril comp 100 töflur eða Somadril 60 töflur).“

### 2. gr.

Við 6. gr., b-staflíð bætist nýr töluliður XV, er hljóðar svo:

„Oxazepamum. Hámarksmagn á lyfseðli 1,25 eða 1,5 g. (Dæmi: Sobril 25 mg 50 töflur eða Serepax, Sobril 15 mg 100 töflur).“

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1986.*

F. h. r.  
**Jón Ingimarsson.**

Ingolf J. Petersen.